

Heitavatnsborun í Oddgeirshólum
Hraungerðishreppi

Kristján Sæmundsson

Greinargerð KS-85/05

HEITAVATNSBORUN Í ODDGEIRSHÓLUM HRAUNGERÐISHREPPÍ

Undanfarið hafa verið gerðar allítarlegar rannsóknir á jarðhitasvæði í landi Oddgeirshóla og Langholts í Hraungerðishreppi. Jarðhitasvæðið er þakið hrauni og á því er allþykkur jarðvegur. Gegnum það liggja ungar sprungur eins og víðar á jarðhitasvæðum í Árnessýslu. Hitamælingar í jarðvegi og kortlagning sprungna beindu athyglinni að ákveðnum stað nyrst á hitasvæðinu í landi Oddgeirshóla, þar sem heita Leirför. Þar mældist 53°C hiti nærri yfirborði. Efnagreining benti til, að þar undir væri a.m.k. 80°C heitt vatn. Óttast var að lárétt rennsli nærri yfirborði gæti villt fyrir og voru því boraðar nokkrar grunnar holur niður úr hrauninu (rúmir 20 m) til að kanna dreifingu heita vatnsins við neðra borð þess (mynd 1). Samræmi við yfirborðsmælingar var gott og hefur borholu verið valinn staður skammt vestan við heitustu laugina. Reiknað er með að bora þurfi um 300-600 m holu til að ná allt að 80°C vatni, sem efnagreiningin bendir til að sé þarna undir. Jarðfræðilegar aðstæður, hraun og setlög undir því útheimta allmikla fóðringu þannig að byrjunin á holunni verður nokkuð dýr. Líkur á árangri verða að teljast fremur góðar.

15
6

99

